

17. febrúar 2016

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á fjórða ársfjórðungi og árinu 2015:

Sterkt ár að baki og stöðugur rekstur

Ársreikningur Fjarskipta hf. fyrir rekstrarárið 2015 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 17. febrúar 2016. Endurskoðendur félagsins hafa endurskoðað reikninginn og áritað hann fyrirvaralausri áritun. Ársreikningurinn verður lagður fyrir aðalfund félagsins til staðfestingar þann 17. mars nk.

- Tekjaukning 4% á árinu í heild og 7% á fjórða ársfjórðungi.
- EBITDA hagnaður ársins nam 3.237 m.kr. og eykst um 5% - EBITDA hagnaður nam 716 m.kr. á ársfjórðungnum og lækkar um 6% á milli tímabila.
- EBITDA hlutfall ársins 23,6% og EBIT hlutfall 14,1% - EBITDA hlutfall 19,7% og EBIT hlutfall 10,5% á ársfjórðungnum.
- Hagnaður ársins nam 1.287 m.kr. og jókst um 18% á milli ára - hagnaður á ársfjórðungnum nam 249 m.kr. sem er 9% lækkun frá sama tímabili í fyrra.
- Framlegð ársins nam 6.434 m.kr.og jókst um 3% - framlegð á ársfjórðungnum nam 1.577 m.kr. og jókst um 2%.
- Eiginfjárlutfall nam 58,7%.
- Handbært fé frá rekstri 15% hærra en á árinu 2014.

Lykiltöluyfirlit:

	4F 2015	4F 2014	Breyt.	% breyt.	2015	2014	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.632	3.407	225	7%	13.724	13.236	488	4%
Kostnaðarverð	2.055	1.857	198	11%	7.290	6.990	300	4%
Framlegð	1.577	1.550	27	2%	6.434	6.246	188	3%
Rekstrarkostnaður	1.196	1.112	84	8%	4.503	4.461	42	1%
EBITDA	716	763	-47	-6%	3.237	3.092	145	5%
EBIT	381	438	-57	-13%	1.931	1.785	146	8%
Hrein fjármagnsgjöld	71	96	-25	-26%	327	422	-95	-23%
Hagnaður tímabilsins	249	273	-24	-9%	1.287	1.094	193	18%
<i>Framlegð (%)</i>	43,4%	45,5%			46,9%	47,2%		
<i>EBITDA %</i>	19,7%	22,4%			23,6%	23,4%		
<i>EBIT %</i>	10,5%	12,9%			14,1%	13,5%		


Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Sterkt ár er að baki hjá Vodafone með stöðugum vexti í tekjum og aukningu hagnaðar. Í ríkum mæli einkenndist árið af öflugri þróun sjónvarps- og internetþjónustu félagsins auk mikillar uppbyggingar farsímakerfa Vodafone um land allt, ekki síst háhraðþjónustusvæðis út á miðin umhverfis landið.

Ágætur vöxtur í tekjum, af sjónvarpi, interneti og vörusölu, og aðhald á kostnaðarhlíðinni skilar sér í 18% aukningu hagnaðar á árinu. Á sama tíma og vöxtur var í tekjum af farsíma í áskrift á Íslandi á árinu varð hins vegar áfram samdráttur í Færeyjum í kjölfar harðrar verðsamkeppni á færeyska markaðnum. Hækkun launa í tengslum við kjarasamninga dró úr rekstrarhagnaði á síðasta fjórðungi ársins en unnið er að því að takast á við þessa þróun með áframhaldandi sókn á markaði og hagræðingaraðgerðum á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Fjarskiptageirinn er lifandi og skemmtilegur markaður sem er í mikilli þróun, ekki síst á sjónvarpsmarkaði. Þegar má sjá aukna gagnamagnsnotkun með tilkomu Netflix án þess að hafa haft áhrif á fjölda áskrifenda af sjónvarpsþjónustum félagsins. Hraður vöxtur er í fjölda áskrifenda að Vodafone PLAY, sjónvarpsþjónustu Vodafone. Áskrifendur eru nú í kringum 8.500 talsins en meðalfjöldun áskrifenda hefur verið yfir 12% á mánuði frá því þjónustan var fyrst kynnt í maí síðastliðnum. Framtíðin er einnig spennandi en á dögnum greindi Vodafone frá samstarfi við Gagnaveituna um sölu 1 gígabits tenginga yfir ljósleiðara sem verða í boði frá haustmánuðum. Þessar tengingar munu til dæmis henta afar vel til dreifingar útsendinga 4K sjónvarps og annarra spennandi nýjunga sem eru í burðarliðnum á næstu misserum.

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2011



Rekstrarafkoma á 4. ársfjórðungi 2015:

Tekjur samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi 2015 námu 3.632 m.kr. og hækkuðu um 7% eða 225 m.kr. frá sama tímabili 2014. Tekjur af vörusölu jukust á ársfjórðungnum og námu 631 m.kr. eða sem nemur 44% aukningu á milli fjórðunga á milli ára. Tekjur af interneti jukust um 71 m.kr. á fjórða ársfjórðungi sem er 8% aukning á milli ára. Sjónvarpstekjur jukust um 32 m.kr. eða 7% samanborið við sama ársfjórðung 2014 og námu 472 m.kr. Aðrar tekjur jukust um 6% á ársfjórðungnum eða 9 m.kr. Tekjur af farsíma námu 1.139 m.kr. og lækkuðu um 4% í samanburði við sama ársfjórðung í fyrra. Farsímatekjur félagsins á Íslandi stóðu nánast í stað á fjórða ársfjórðungi en í Færeyjum drógust þær saman um 21,9%, einkum vegna aukinnar verðsamkeppni í Færeyjum auk reglugerðar- og gengisbreytinga.

Framlegð fjórðungsins nam 1.577 m.kr., sem er hækkun um 27 m.kr. miðað við sama ársfjórðung 2014. Rekstrarkostnaður nam 1.196 m.kr. á ársfjórðungnum og jókst um 84 m.kr. eða 8% á milli ára.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 716 m.kr. og EBITDA hlutfall tímabilsins var 19,7% sem er lækkun um 47 m.kr. frá sama fjórðungi árið áður. Ástæður fyrir lægri EBITDA hagnaði eru einkum hækkun launakostnaðar vegna kjarasamninga og annarra launabreytinga. Lægri EBITDA skýrist einnig af mikilli samkeppni í Færeyjum, auk sérstaks kostnaðar vegna húsnæðismála á fjórða fjórðungi og efniskaupasamninga á sviði sjónvarps sem gerðir voru á seinni helmingi ársins. Eins og áður sagði er unnið að hagræðingu á fyrsta fjórðungi þessa árs sem áætlað er að skili sér frá öðrum ársfjórðungi.

Hrein fjármagnsgjöld héldu áfram að lækka á ársfjórðungnum. Námu þau 71 m.kr. og lækkuðu um 26% á milli ára.


Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 310 m.kr. á fjórða ársfjórðungi sem er 32 m.kr. lækkun frá sama tímabili 2014. Reiknaður tekjuskattur á ársfjórðungnum var 61 m.kr. Hagnaður fjórðungsins nam 249 m.kr.

Sjóðstreymi 4. ársfjórðungs 2015

Handbært fé frá rekstri á fjórða ársfjórðungi 2015 nam 476 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 578 m.kr. á tímabilinu sem er aukning um 92% miðað við sama ársfjórðung 2014. Breytinguna er einkum að rekja til afturþunga fjárfestinga í rekstrarfjármunum á árinu vegna tafa á samningum um stofnun Sendafélagsins.

Á fjórða ársfjórðungi námu fjármögnunarhreyfingar félagsins 278 m.kr. sem er 193 m.kr. minna en á sama tímabili 2014. Kaup félagsins á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun (sbr. tilkynningu dags. 6. júlí 2015) námu 203 m.kr. á ársfjórðungnum, en áætluninni lauk í desember sl. (sbr. tilkynningu 21. desember 2015) auk þess sem greiðslur af langtímalánum námu 75 m.kr. á ársfjórðungnum. Sjá nánar um endurkaupaáætlunina á bls. 4. Handbært fé í lok fjórða ársfjórðungs nam 420 m.kr.

Mynd 2: Sjóðstreymi á 4F 2015
Breytingar á tímabilinu



Rekstrarafkoma ársins 2015:

Rekstrartekjur ársins 2015 námu 13.724 m.kr. og jukust um 488 m.kr. eða 4% á milli ára. Kostnaðarverð jókst um 300 m.kr. eða um 4%. Framlegð hækkaði um 188 m.kr. á árinu eða 3% frá 2014. Framlegðarhlutfall nam 46,9% samanborið við 47,2% árið 2014. EBITDA hagnaður félagsins nam 3.237 m.kr., sem er hækking um 145 m.kr. eða 5% á milli ára. EBITDA hlutfall félagsins hélt áfram að hækka á milli ára og var 23,6% í lok ársins, samanborið við 23,4% árið 2014. Hagnaður ársins 2015 nam 1.287 m.kr. og hækkar um 18% frá fyrra ári.

Efnahagur 31. desember 2015:

Efnahagur Fjarskipta hf. var áfram sterkur í lok árs 2015. Eigið fé í lok tímabilsins var 9.079 m.kr. Eiginfjárlutfall var 58,7%, hið hæsta frá upphafi félagsins. Heildarskuldir samstæðunnar voru 6.395 m.kr., þar af voru vaxtaberandi skuldir 4.343 m.kr sem höfðu lækkað um 756 m.kr. á árinu, einkum í kjölfar endurfjármögnunar félagsins í júní eins og greint hefur verið frá í síðustu uppgjörum. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 3.923 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,2 og hefur ekki verið lægra. Veltufjárlutfall var 1,6, hið hæsta í sögu félagsins til þessa.

Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á árinu:

- Vel gekk að vinna eftir stefnu fyrirtækisins á árinu. Góður árangur náðist einnig víða í fyrirtækinu með tilliti til 4DX markmiða, sem er leið til að hjálpa til við innleiðingu á stefnu, auk þess sem sýnileg stjórnun var innleidd í flestum einingum.
- Unnið var að frekari uppbyggingu á ýmsum þjónustubáttum á árinu, meðal annars Vodafone Sjónvarpi, bæði tæknilega og með tilliti til þjónustu og efnisframboðs. Fyrsta íslenska efnisveitan Vodafone PLAY var kynnt til leiks fyrir sjónvarp og snjalltæki. Unnið var að uppbyggingu á farsímakerfum um land allt og enn betra sambandi á haf út, sem hefur verið vel tekið ekki síst af fyrirtækjum í sjávarútvegi. Einnig var lögð áhersla á að auka gæði í internetinu, bæði hvað varðar hraða og stöðugleika.
- Á miðju ári gekk fyrirtækið í gegnum sína fyrstu endurvottun á sviði upplýsingaöryggis, ISO27001. Vottunin var ennfremur útvíkkuð og tekur nú til enn fleiri þátta starfseminnar en áður. Um er að ræða víðtækustu ISO27001 vottun fjarskiptafélaga á landinu.
- Ný gildi, sem allir starfsmenn tóku þátt í að móta, litu dagsins ljós á síðari hluta árs 2015 en þau eru; Rautt, Frumkvæði og Ábyrgð.
- Í ágúst 2014 var tilkynnt um endurkaupaáætlun á eigin bréfum félagsins. Endurkaupin máttu nema að hámarki 300 m.kr. að kaupvirði og skyldi gilda til 28. febrúar 2015. Í júlí 2015 var tilkynnt um nýja endurkaupaáætlun að hámarki 400 m.kr. að kaupvirði sem skyldi gilda til 31. desember 2015 eða skemur ef skilyrði um hámarkskaup væru uppfyllt fyrr. Endurkaupaáætluninni lauk 21. desember 2015.
- Greint var frá því á árinu að félagið hefði gengið til liðs við Samtök iðnaðarins og tekur nú þar þátt m.a. í starfi Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja (SUT).



- Undir lok árs hófst samrekstur félagsins með Nova í Sendafélaginu ehf. Félagið starfar á sviði uppbyggingar farsímakerfa og eru væntingar um að rekstur félagsins muni leiða til aukins hagræðis hvað varðar kostnað og fjárfestingar.
- Staða dómsmála sem áður hefur verið fjallað um er að mestu óbreytt, bæði þeirra sem fyrirtækið hefur haft frumkvæði að og þeirra sem beinast að félaginu. Að öðru leyti vísast til skýringar númer 36 í árshlutareikningi.

Horfur fyrir afkomu á árinu 2016

Stjórn Fjarskipta hf. hefur ákveðið að birta eftirfarandi horfur fyrir árið 2016.

- EBITDA hagnaður ársins 2016 verði á bilinu 3,2 til 3,4 milljarðar króna.
- Fjárfestingarhlutfall verði á bilinu 10,5% til 11,2%.

Á stjórnarfundi 17. febrúar 2016 var samþykkt ný endurkaupaáætlun. Samkvæmt endurkaupaáætluninni mega endurkaup félagsins nema að hámarki 100 m.kr. að kaupvirði. Endurkaupatímabilið er frá 18. febrúar 2016 til 17. mars 2016 eða skemur ef skilyrði um hámarkskaup eru uppfyllt fyrr. Stjórn gerir tillögu um að ekki verði greiddur arður vegna ársins 2015 en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á hagnaði ársins með endurkaupum á eigin bréfumog breytingu á eigin fé.

Kynningarfundur 18. febrúar 2016:

Opinn kynningarfundur vegna uppgjörins verður haldinn fimmtudaginn 18. febrúar 2016 í höfuðstöðvum Vodafone að Skútuvogi 2. Fundurinn hefst kl. 8.30 en boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8.00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>

Fjárhagsdagatal 2016:

- | | |
|---------------------------------|------------------|
| ✓ Aðalfundur 2016: | 17. mars 2016 |
| ✓ Uppgjör 1F 2016: | 27. apríl 2016 |
| ✓ Uppgjör 2F 2016: | 17. ágúst 2016 |
| ✓ Uppgjör 3F 2016: | 26. október 2016 |
| ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2016 | 15. febrúar 2017 |

Frekari upplýsingar:

- ✓ Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, almanna- og fjárfestatengill, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9151.